

Sp.

385. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um tilkostnað og reikningsskil við byggingu sildarverksmiðja á Skagaströnd og Siglufirði.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve mikill er stofnkostnaður sildarverksmiðjunnar á Skagaströnd?
 2. Hve mikill er stofnkostnaður yngstu sildarverksmiðju ríkisins á Siglufirði?
 3. Hve mikill var byggingarkostnaður tveggja síðast reistu lýsisgeyma ríkisins á Siglufirði, og hve miklu hefur nú þegar verið varið til viðgerðar á þeim?
 4. Hver var byggingarkostnaður mjölnhúss ríkissjóðs, sem hrundi á Siglufirði? Hve miklu fé hefur nú þegar verið varið til viðgerðar, og hve miklu fé mun enn þurfa að verja til umbóta mjölnhúsi þessu, þar til það verður fyllilega nothæft?
- Óskað er eftir, að lögð verði fram nákvæm, sundurliðuð skýrsla um allar greiðslur ríkissjóðs til þessara framkvæmda frá upphafi, svo og hve mikið fé verksmiðjurnar hafa getað lagt fram sjálfar í þessi fyrirtæki, hve mikið er tekið að láni, hve miklar skuldir eru á hverjum stað, hverjir eru skilmálar um vexti og afborgunartíma?